



Úthlutunarreglur kennslustundafjölda til Grunnskóla Hornafjarðar

Nemendafjöldi í námshópum/bekkjum

Við úthlutun er miðað við að nemendafjöldi í námshóp/bekk 6 – 9 ára barna verði ekki meiri en 20 nemendur og ekki minni en 12 nemendur. Miðað er við að nemendafjöldi í námshóp 10 – 15 ára barna verði ekki meiri en 23 nemendur og ekki minni en 12 nemendur. Reiknað er með þeim möguleika að hægt sé á að stunda samkenndu árganga þannig að námshópar geti verið samsettir úr fleiri en einum árgangi.

Skiptistundir reiknast út frá fjölda nemenda í námshópum. Við úthlutun er gert ráð fyrir að nemendafjöldi í námshópum í list- og verkgreinum þ.e. textíl, smíðum, nýsköpun, heimilisfræði, myndmennt og tónmennt eða annað val í list- og verkgreinum verði ekki meiri en 12. Auk þess eru 4 stundum bætt við til að auka val í elstu bekkjum skólans. Í sundi skal miða við að nemendafjöldinn verði að hámarki 15.

Sérkennslustundir fást með því að margfalda nemendafjölda með 0.25. Auk þess er úthlutað ákveðnum fjölda viðbótarstunda sem ákveðinn er í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar hvers árs.

Kennslustundir til kennslu barna með íslensku sem annað tungumál er fengnar með því að margfalda fjölda þeirra með einum. Ef innflytjendabörn eru færri en 5 í skólanum er heimilt að tvöfalda stundafjöldann.

Klukkustundum til stuðnings í námshóp/bekk er úthlutað í samráði við skólastjóra eftir metinni þörf ár hvert.

Bókasafnsstundir miðast við að hver námshópur fái hálfa vikustund yfir árið.

Mikilvægt er að skólinn njóti sjálfstæðis vð ráðstöfun þess kennslustundamagns sem úthlutað er hverju sinni. Stærð námshópa og samsetning þeirra, sem og ráðstöfun tímamagns til kennslu og stuðnings verður ætíð að vera á valdi skólans. Skólinn gætir þess að ráðstafa tímamagninu þannig að það nýtist nemendum og skólanum sem bet.

Samþykkt í fræðslu- og tómsfundanefnd 19. október 2016.